



Aðalfundur Arion banka hf. 16. mars 2021

Fylgiskjal með tillögu nr. 15

Fyrir aðalfundi Arion banka hf. hinn 16. mars 2021 liggur fyrir tillaga um að samþykktar verði nýjar samþykktir fyrir félagið. Hinar nýju samþykktir fela einkum í sér einföldun á gildandi samþykktum, breytta uppsetningu og innbyrðis samræmingu. Þá felur tillagan í sér að ákvæði gildandi samþykktanna sem beinlínis koma fram í lögum verði felld brott, einkum í þeim tilgangi að takmarka hættu á misræmi milli samþykktanna annars vegar og ákvæða laga hins vegar, sem og að koma í veg fyrir að smávægilegar lagabreytingar kalli á frekari breytingar á samþykktum.

Hinar fyrirhuguðu breytingar fela aðeins að litlu leyti í sér efnislegar breytingar á ákvæðum gildandi samþykktanna félagsins, en að neðan er að finna yfirlit yfir ákvæði hinna nýju samþykktanna og þær breytingar sem lagðar eru til samkvæmt tillögu stjórnar:

I. kafli – Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. gr. *Nafn félagsins, heimili og tilgangur*

Ákvæðin sem koma fram í 1. gr., 2. gr. og 3. gr. gildandi samþykktanna.

Engar efnislegar breytingar lagðar til. Upplýsingar um heimilisfang félagsins teknar út, enda ekki nauðsynlegar lögum samkvæmt, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög („hfl.“).

II. kafli – Hlutafé félagsins

Kaflinn hefur að geyma ákvæði er varða hlutafé félagsins og réttarstöðu hluthafa. Felur í sér breytta uppsetningu á gildandi ákvæðum samþykktanna um sama efni og fáeinar efnisbreytingar.

2. gr. *Hlutafé félagsins*

Ákvæðin sem koma fram í greinum 4.1 og 4.2 í gildandi samþykktum.

Ekki um að ræða efnislegar breytingar. Ákvæði um að eitt atkvæði fylgi hverri krónu nafnverðs hlutafjár, sem nú er að finna í grein 4.2 gildandi samþykktanna, flutt til og verður í grein 14.1 (Atkvæðavægi og atkvæðagreiðsla).

3. gr. *Hækkun og lækkun hlutafjár*

Ákvæðin sem koma fram í greinum 4.3, 4.4, 4.5, 4.7 og 4.8 í gildandi samþykktum.

Lagt er til að ákvæði greinar 4.6 í gildandi samþykktum, er varðar vanefndaúrræði félagsins í tengslum við greiðslu áskriftarfjár, falli brott. Óvenjulegt ákvæði í samþykktum félags og miðað við að þessi atriði ráðist frekar af skilmálum hlutafjárhækkunar í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.

Að öðru leyti ekki lagðar til efnislegar breytingar á framangreindum ákvæðum gildandi samþykktanna. Grein 4.8 í gildandi samþykktum (verður grein 3.3) þó breytt til samræmis við þá staðreynd að umrædd skuldabréf hafa þegar verið gefin út. Um þá tillögu er fjallað í dagskrárlíð 14.

Að öðru leyti ekki um að ræða efnislegar breytingar, en fáeinar orðalagsbreytingar gerðar á einstökum ákvæðum.

4. gr. *Hlutabréf og hlutaskrá*

Kemur í stað 5. gr. gildandi samþykktanna, sem er breytt nokkuð til að endurspegla hefðbundin ákvæði samþykktanna félaga sem hafa gefið út hluti með rafrænum hætti og framkvæmd slíkra ákvæða.

5. gr. *Réttindi og skyldur hluthafa*

Tekur til þeirra atriða sem nú koma fram í 8. gr. gildandi samþykktanna.



Lagt er til að ákvæðin sem koma fram í greinum 8.2, 8.3 og 8.4 í gildandi samþykktum haldist óbreytt.

Hins vegar lagt til að ákvæði greinar 8.1 í gildandi samþykktum varðandi skyldu hluthafa til þess að hlíta samþykktum félagsins falli brott, enda þýðing samþykktu að lögum talin skýr.

6. gr. Eigendaskipti að hlutum, veðsetning o.fl.

Tekur til þeirra atriða sem nú koma fram í 6. gr. gildandi samþykktu.

Lagt er til að ákvæðin sem koma fram í greinum 6.1 og 6.4 í gildandi samþykktum haldist óbreytt.

Hins vegar lagt til að ákvæði greinar 6.2 í gildandi samþykktum um skyldu til að tilkynna félaginu um eigendaskipti að hlut falli brott, enda fer um eigendaskipti að hlutum í félaginu og skráningu þeirra samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og hefur slík tilkynning því enga efnislega þýðingu.

Jafnframt lagt til að ákvæði greinar 6.3 í gildandi samþykktum, er vísar til þess að aðili geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins, falli brott, enda leiðir þetta af ákvæðum 31. gr. hfl.

7. gr. Eigin hlutir félagsins

Ákvæðin sem koma fram í 9. gr. gildandi samþykktu.

Ekki um efnislegar breytingar að ræða, en nokkrar orðalagsbreytingar lagðar til. Að öðru leyti gilda ákvæði VIII. kafla hfl. um heimildir félagsins til öflunar og eignarhalds eigin hluta.

8. gr. Rafræn samskipti félagsins við hluthafa

Ákvæðið samhljóða því sem kemur fram í 7. gr. gildandi samþykktu.

III. kafli – Hluthafafundir

Kaflinn hefur að geyma ákvæði er varða framkvæmd hluthafafunda í félaginu. Felur í sér umtalsverða styttingu og einföldun frá gildandi samþykktum, auk þess sem uppsetningu einstakra ákvæða er breytt, með það að markmiði að gera ákvæðin skýrari og aðgengilegri. Þá er lagt til að nokkur ákvæði gildandi samþykktu sem hafa að geyma fyrirmæli sem fram koma í lögum falli brott.

9. gr. Réttur til fundarsetu

Tekur til þeirra ákvæða sem koma fram í greinum 10.2, 10.16 og 10.17 í gildandi samþykktum og haldast þau óbreytt. Þó er lagt til að sjálfstæð heimild starfsmanna félagsins til að sækja hluthafafund, sbr. grein 10.17 í gildandi samþykktum, falli brott.

Þá er lagt til að ákvæði greinar 10.1 í gildandi samþykktum, er mælir fyrir um að æðsta vald í málefnum félagsins sé í höndum lögmætra hluthafafunda, falli brott, enda leiðir þetta nú þegar af ákvæðum 1. mgr. 80. gr. hfl.

Jafnframt er lagt til að allir stjórnarmenn félagsins og nefndarmenn undirnefnda stjórnar hafi rétt til setu á hluthafafundi, sbr. lið 1.2 í 6. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja sem tekur gildi 1. júlí nk. Sama eigi við um meðlimi tilnefningarnefndar og frambjóðendur til stjórnar sé stjórnarkjör á dagskrá hluthafafundar.

10. gr. Boðun hluthafafundar

Tekur til þeirra ákvæða sem koma fram í greinum 10.3, 10.6, 10.7, 10.10 og 10.12 í gildandi samþykktum og haldast þau óbreytt.

Lagt er til að ákvæði greina 10.8 og 10.9 í gildandi samþykktum, sem taka til þeirra atriða sem skulu koma fram í fundarboði og hvaða gögn skuli liggja fyrir í aðdraganda hluthafafundar, falli brott. Telur stjórn félagsins eðlilegt að um þessu atriði fari samkvæmt ákvæðum laga, en ákvæði hfl. hafa að geyma ítarleg fyrirmæli um efni fundarboðs



hluthafafundar og þau gögn sem eiga að liggja fyrir í aðdraganda fundar, eftir því sem við á hverju sinni, sbr. 88. gr. c og 88. gr. d hfl.

11. gr. Lögmæti fundar

Samhljóða ákvæðinu sem kemur fram í grein 10.5 í gildandi samþykktum.

12. gr. Fundarstaður og fundarstjórn

Tekur til þeirra ákvæða sem koma fram í greinum 10.4 og 11 í gildandi samþykktum.

Ákvæði greinar 10.4 í gildandi samþykktum varðandi fundarstað helst óbreytt.

Ákvæðum 11. gr. gildandi samþykktu breytt nokkuð til samræmis við hefðbundna framkvæmd. Um fundarstjórn hluthafafunda gilda að öðru leyti ákvæði 90. gr. hfl.

Lagt er til að ákvæði greinar 11.6 í gildandi samþykktum, er varðar gerð skráar yfir þá hluthafa og umboðsmenn þeirra er sækja hluthafafund, falli brott, en mælt er fyrir um þessa skyldu í 4. mgr. 90. gr. hfl.

13. gr. Rafrænar hluthafafundir

Ákvæðin sem koma fram í greinum 10.13 og 10.14 í gildandi samþykktum og haldast þau óbreytt.

Lagt er til að ákvæði greinar 10.15 í gildandi samþykktum, er tekur til framkvæmdar atkvæðagreiðslu á rafrænum hluthafafundi, falli brott. Ákvæði 80. gr. a hfl. hefur að geyma nánari ákvæði um framkvæmd rafrænna hluthafafunda, þ.m.t. fyrirkomulag atkvæðagreiðslna.

14. gr. Atkvæðavægi og atkvæðagreiðsla

Ákvæðin sem koma fram í greinum 11.7 og 11.9 í gildandi samþykktum. Jafnframt tekið fram að eitt atkvæði fylgi hverri krónu nafnverðs hlutafjár, sbr. grein 4.2 í gildandi samþykktum.

Ákvæði 11.7 í gildandi samþykktum helst óbreytt.

Lagt er til að ákvæði greinar 11.9 (verður grein 14.3) varðandi fundargerð hluthafafundar verði breytt lítillega, þannig að mælt verði fyrir um að fundargerð skuli lesin upphátt í lok hluthafafundar einungis ef þess verður óskað af hálfu hluthafa. Yrði slík breyting í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Breytingarnar leiða til að ákvæði greina 11.8 og 11.10 í gildandi samþykktum, sem mæla fyrir um skriflegar atkvæðagreiðslur og aðgengi hluthafa að fundargerð hluthafafundar, falla brott. Varðandi skriflegar atkvæðagreiðslur telur stjórn eðlilegra að um þetta atriði gildi ákvæði laga, sbr. m.a. 80. gr. a hfl., sérstaklega þar sem hluthafafundir félagsins geta verið haldnir með rafrænum hætti. Ákvæði greinar 11.10 í gildandi samþykktum er samhljóða 6. mgr. 90. gr. hfl. og því ekki þörf á slíku ákvæði í samþykktum félagsins.

Þá er lagt til að ákvæði 12. gr. gildandi samþykktu, sem mæla fyrir um samþykki aukins meirihluta eða allra hluthafa félagsins varðandi tilteknar ákvarðanir, falli brott, enda samhljóða ákvæðum 94. gr. hfl. Felur því ekki í sér neina efnislega breytingu varðandi atkvæðavægi.

15. gr. Upplýsingagjöf

Ákvæðið samhljóða því sem kemur fram í grein 10.11 í gildandi samþykktum.

16. gr. Aðalfundur

Tekur til þeirra ákvæða sem fram koma í 13. gr. gildandi samþykktu.

Lagt er til að grein 13.1 haldist óbreytt.

Hins vegar er lagt til að ákvæði 13.2 í gildandi samþykktum, sem tiltekur þau atriði sem skulu tekin fyrir á aðalfundi, verði breytt lítillega:

- ii-liður taki einungis til staðfestingar ársreiknings félagsins og samstæðureiknings, sbr. a-lið 2. mgr. 84. gr. hfl.



- iii-lið breytt, þannig að hann taki til ákvörðunar um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári, sbr. b-lið 2. mgr. 84. gr. hfl., í stað ákvörðunar um greiðslur arðs, líkt og gildandi samþykktir vísa til.
- iv-lið breytt, þannig að hann vísi einnig til kjörs formanns og varaformanns stjórnar, sbr. grein 14.8 í gildandi samþykktum.
- Lagt til að ix- og x-liðir falli brott, en þeir vísa til tillagna um breytingar á samþykktum félagsins, ef borist hafa, og tillagna frá hluthöfum sem taka ber á dagskrá. Slíkar tillögur verða eðli málsins samkvæmt teknar á dagskrá fundarins í samræmi við ákvæði laga og samþykktu félagsins, liggja þær fyrir, en stjórn telur ekki ástæðu til að mælt sé fyrir um þessi atriði sem ófrávikjanlega dagskrárliði á aðalfundi.

Jafnframt er lagt til að ákvæði greinar 13.4 í gildandi samþykktum falli brott, en það mæli fyrir um skyldu félagsstjórnar til að leggja fyrir aðalfund stutta samantekt um hlutafjareign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, sem og þær breytingar sem átt hafa sér stað á árinu. Mælt er fyrir um þessa skyldur stjórnar í 4. mgr. 84. gr. hfl.

IV. kafli – Félagsstjórn

Kaflinn hefur að geyma ákvæði um skipan, skyldur og valdheimildir stjórnar, málsmeðferðarreglur á vettvangi stjórnar, ráðningu bankastjóra og verkaskiptingu milli stjórnar og bankastjóra.

Ekki eru lagðar til efnisbreytingar á ákvæðum gildandi samþykktu er þessi atriði varða, en tillaga stjórnar felur þó í sér talsverðar breytingar á einstökum ákvæðum, einkum til einföldunar og styttingar, og m.a. er lagt til að orðalag sem þegar kemur fram í gildandi lögum falli brott.

17. gr. Skipan stjórnar og stjórnarkjör

Tekur til þeirra ákvæða sem koma fram í 14. gr. gildandi samþykktu.

Lagt til að ákvæði greinar 14.1 í gildandi samþykktum verði breytt þannig að orðalag um að stjórnarkjör skuli jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal verði fellt brott. Ástæðan er einkum sú að orðalagið samræmist illa heimildum félagsins til þess að halda hluthafafundi með rafrænum hætti.

Þá er lagt til að ákvæði greinar 14.2 í gildandi samþykktum verði fellt brott, en þar er mælt fyrir um að samsetning stjórnar skuli vera með þeim hætti að stjórnarmenn búi sem einstaklingar og sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til þess að skilja starfsemi félagsins og þá áhættu sem er henni samfara. Þessi skylda leiðir nú þegar af ákvæðum 4. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki („fmfl.“).

Enn fremur er lagt til að ákvæði greina 14.5 og 14.6 í gildandi samþykktum verði felldar brott. Þær varða meðferð framboðstilkynninga frambjóðenda til stjórnar félagsins, en mælt er fyrir um þær málsmeðferðarreglur í 3. og 4. mgr. 63. gr. a hfl.

Ákvæði 14. gr. helst að öðru leyti óbreytt.

18. gr. Skyldur og valdheimildir stjórnar

Tekur til þeirra ákvæða sem koma fram í 16. gr. gildandi samþykktu.

Lagt er til að ákvæði greina 16.1 og 16.2 (verða greinar 19.1 og 19.2) verði stytta og að orðalag varðandi tilteknar viðbótarskyldur félagsstjórnar verði fellt brott. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða, enda liggur fyrir að mælt er fyrir um umræddar skyldur í 1. mgr. 54. gr. fmfl. og mikilvægt að mati stjórnar að tryggja samræmi við ákvæði fmfl. að þessu leyti.

Þá er lagt til að í grein 16.3 í hinum nýju samþykktum verði tekið fram að meirihluti stjórnar riti firma félagsins, en það kemur nú fram í grein 15.4 í gildandi samþykktum.

Jafnframt er lagt til að ákvæði greinar 16.4 í gildandi samþykktum (verður grein 18.4), verði breytt þannig að áfram verði mælt fyrir um skyldu félagsins til þess að setja sér starfsreglur lögum samkvæmt, en ekki verði nánar tilgreint hvert efni slíkra starfsreglna skuli vera. Lögum samkvæmt er félaginu sem fjármálafyrirtæki skylt að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka



atvinnulífsins og Nasdaq Iceland mæla með ítarlegum hætti fyrir um efni og inntak starfsreglna stjórnar.

Enn fremur er lagt til að ákvæði greinar 16.6 í gildandi samþykktum, sem mælir fyrir um að niðurstöður undirnefnda stjórnar séu einungis leiðbeinandi fyrir stjórn nema lög mæli fyrir um annað, verði felld brott. Ekki er talin ástæða til að hafa slíkt ákvæði í samþykktum félagsins, enda leiðir þetta af almennum reglum, ákvæðum laga, leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

19. gr. Fundir stjórnar

Tekur til þeirra ákvæða sem koma fram í 15. gr. gildandi samþykktu.

Lagðar til fáeinar breytingar á ákvæðinu, en engin þeirra er til þess fallin að hafa áhrif á stjórnarhætti félagsins eða málsmeðferðarreglur stjórnar. Eru breytingarnar einkum hugsaðar til einföldunar, m.a. með vísan til þess að nákvæmari reglur um framkvæmd stjórnarfunda, s.s. varðandi fundarstað, boðunarfresti o.s.frv. koma fram í starfsreglum stjórnar. Er þannig t.d. lagt til að grein 15.5 í gildandi samþykktum, er varðar fundarstað stjórnarfunda, falli brott.

20. gr. Bankastjóri

Tekur til þeirra ákvæða sem koma fram í 17. gr. gildandi samþykktu.

Lagðar til fáeinar breytingar á ákvæðinu, en engin þeirra er til þess fallin að hafa áhrif á innra stjórnkerfi félagsins eða störf eða ábyrgð bankastjóra frá því sem nú er. Þannig er lagt til að ákvæði greinar 17.5 í gildandi samþykktum falli brott, en það mælir fyrir um að bankastjóri annist ráðningar og uppsagnir starfsmanna félagsins og fjalli um launamál þeirra. Ekki er talið að ákvæðið sé í samræmi við framkvæmd, þótt bankastjóri beri eftir sem áður ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, þ.m.t. að því er varðar starfsmenn.

Þá er lagt til að ákvæði greinar 17.6 í gildandi samþykktum, sem mælir fyrir um að bankastjóri skuli uppfylla hæfiskröfur samkvæmt lögum, falli brott, enda skýrlega mælt fyrir þá skyldu í lögum er um félagið gilda.

V. kafli – Reikningar og endurskoðun

Kaflinn fjallar um reikningsár félagsins og endurskoðun. Fáeinar efnislegar breytingar lagðar til, til samræmis við framkvæmd.

22. gr. Reikningshald

Samhljóða þeim ákvæðum sem koma fram í 19. gr. gildandi samþykktu.

23. gr. Endurskoðun

Tekur til þeirra ákvæða sem koma fram í 18. gr. gildandi samþykktu.

Lagt er til að ákvæði greinar 18.1 í gildandi samþykktum (verður grein 23.1) verði breytt þannig að endurskoðendafélag skuli kosið á aðalfundi til a.m.k. eins árs í senn, í stað fimm ára. Þá er lagt til að tekið verði fram að reikningar félagsins skuli endurskoðaðir, en ekki einungis rannsakaðir.

Þá er lagt til að ákvæði greinar 18.3 í gildandi samþykktum, sem mælir fyrir um hvenær endurskoðunarskýrsla skuli liggja fyrir ár hvert, falli brott, enda telur stjórn rétt að slíkt leiði af fyrirmælum stjórnar hverju sinni. Fyrir liggur lögum samkvæmt að endurskoðaður ársreikningur félagsins skal liggja fyrir, hluthöfum til skoðunar, eigi síðar en 21 degi fyrir aðalfund, og veitir það fullnægjandi aðhald að þessu leyti.

V. kafli – Breytingar á samþykktum félagsins, samruni og skipting

Ekki eru lagðar til breytingar á gildandi samþykktum að þessu leyti.

24. gr. Breytingar á samþykktum



Samhljóða ákvæðum sem nú koma fram í 20. gr. gildandi samþykktá.

25. gr. *Slit félagsins. Samruni. Skipting*

Samhljóða ákvæðum sem nú koma fram í 21. gr. gildandi samþykktá

VI. kafli – Önnur ákvæði

Engar breytingar lagðar til.

26. gr. *Önnur ákvæði*

Samhljóða ákvæðum sem nú koma fram í 22. gr. gildandi samþykktá.